Þriðjudaginn 19. desember 1944.

Nr. 1/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen hrl.).

Dómarar samkvæmt síðasta málslið 48. gr. laga nr. 80 1938 Kristján Kristjánsson borgarfógeti og Sigurjón Á. Ólafsson alþm. í stað Árna Tryggvasonar borgardómara og Þorsteins Péturssonar skrifstofumanns.

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. apríl þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands.

Málavextir eru þeir, að þann 22. febrúar þ. á. samdi verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík við Vinnuveitendafélag Íslands um kaup og kjör verkamanna í Reykjavík. Í 5. gr. samnings þessa segir svo: „Lágmarkskaup í almennri dagvinnu fyrir fullgilda verkamenn skal vera kr. 2.45." Síðan eru talin upp verk, sem greiðast skulu með kr. 2.75 á klst. Næst eru taldar upp ýmsar tegundir vinnu, er greiðast skuli með kr. 2.90 á klst. og er „lýsisbræðsla" talin meðal þeirra.

Er samningur þessi kom til framkvæmda varð strax ágreiningur um það, hvað fælist í orðinu „lýsisbræðsla". Taldi stefnandi, að undir það orð félli yfirleitt öll vinna á lýsisvinnslustöðvum, en stefndi hélt fram, að þar væri aðeins átt við sjálfa bræðslu lifrarinnar. Höfðaði þá stefnandi mál þetta, og hefur hann við munnlegan flutning þess gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að með orðinu „lýsisbræðsla" í 5. gr. framannefnds samnings sé átt við alla vinnu í lýsisvinnslustöðvum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Samningsuppkast það, sem lagt var til grundvallar við samningsgerðina var samið af stefnanda og lagt fram af honum. Í því var m. a. talin *„lýsisvinna"*, sem greiðast skyldi hærra kaupi en almenn dagvinna. Samningar komust á í þetta

sinn fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sérstakrar sáttanefndar. Við samningsgerðina var orðið „*lýsisvinna*" fellt niður, en í stað þess kom, að tilhlutan sáttamanna, að því er talið er, orðið „*lýsisbræðsla*".

Stefnandi heldur því fram, að sáttanefndin hafi rökstutt þessa orðabreytingu með því, að öll lýsisvinna, þar á meðal hreinsun lýsis o. s. frv., félli undir lýsisbræðslu, það er öll önnur lýsisvinna en uppskipun og útskipun lýsis og hafi hann (stefnandi) samþykkt téða breytingu á þeim grundvelli. Stefndi mótmælir, að sáttanefndin hafi borið fram þessi rök og hafi engin skýring komið fram frá henni á orðinu „lýsisbræðsla".

Undir rekstri málsins hugðist stefnandi að leiða sáttanefndina sem vitni, til þess að gefa skýrslu um það, hvernig hún hafi skýrt orðið „lýsisbræðsla" fyrir aðiljum og enn fremur, hvort hún teldi, að stefndi hafi samþykkt að orðið „lýsisbræðsla" næði til allrar vinnu á lýsisvinnslustöðvum.

Stefndi mótmælti, að sáttanefndin gæfi skýrslu um þessi atriði. Með skírskotun til 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938, þar sem ákveðið er, að óheimilt sé, án samþykkis beggja samningsaðilja að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum, úrskurðaði félagsdómur, að sáttanefndarmennirnir mættu ekki gefa skýrslu um framangreind atriði. Þessi úrskurður var staðfestur með dómi hæstaréttar 17. f. m.

Auk framangreindrar staðhæfingar um skýringar sáttanefndarinnar byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að eðlilegt sé, að öll vinna á lýsisvinnslustöðvum sé greidd með hærra kaupi en venjuleg verkamannavinna. Þessi vinna sé erfið og óþaleg, og auk þess þurfi nokkra kunnáttu við þessi störf. Þetta séu einkenni þeirrar vinnu, sem greidd sé með hærra kaupi en venjuleg verkamannavinna samkvæmt kjarasamningnum frá 22. febrúar s. l. Þá beri og þess að gæta, að bræðsla lifrar fari fram aðeins í einni lýsisvinnslustöð hér í bæ og við hana starfi aðeins einn verkamaður. Sé því ekki líklegt, að sett hafi verið sérstakt ákvæði í kjarasamninginn vegna vinnu þessa eina manns.

Stefndi hefur eindregið mótmælt kröfum stefnanda og skýringum hans á umræddu samningsákvæði. Heldur hann því fram, að vegna tækni þeirrar, sem nú sé viðhöfð á lýsisvinnslustöðvunum sé vinnan þar hvorki erfið né óþaleg, og því ekki

ástæða til að greiða hærra kaupgjald fyrir hana en aðra verkamannavinnu.

Þá heldur stefndi því og fram, að hann hafi samþykkt að greiða hærra kaup fyrir sjálfa bræðslu lifrarinnar vegna þess, að hér hafi verið um lítið fjárhagsatriði að ræða, þar sem þetta ákvæði hafi aðeins snert fáa verkamenn á lýsisvinnslustöðvunum.

Í máli þessu hefur stefndi lagt fram skýrslu um starfsemi lýsisbræðslu- og lýsisverkunarstöðva, réttarskjal nr. 7, og hefur ekki verið vefengt, að þar væri rétt skýrt frá vinnsluaðferðum.

Í skýrslunni er lýsisbræðslu lýst þannig:

Lýsisbræðsla er framkvæmd með tvennu móti víðast hvar.

a. Lifrin er brædd með vatnsgufu, sem látin er streyma með allmiklum þrýstingi inn í lifrina í opnu eða lokuðu íláti, við botn þess. Gufan verkar á tvennan hátt. Í fyrsta lagi verkar gufuhitinn til þess að sjóða lifrarholdið og hleypa því í kekki, og við það leysist fitan að mestu úr frumum lifrarinnar, en því næst og samhliða veldur þrýstingur gufunnar róti í lifrinni, svo að hún tætist í smáagnir og verður að lokum að ólgandi mauki þegar fullsoðið er. Er þá hætt og látið setjast til. Lýsið er því næst fleytt ofan af maukinu.

b. Í maukinu (grútnum) er enn talsvert af lýsi. Er það unnið á þann hátt, að maukið er gufusoðið á ný og blandað með vítissóda, sem leysir upp holdið í vökva, sem sezt undir lýsið. Lýsið er oftast í kvoðukenndu ástandi vegna íblöndunar smáagna úr holdinu. Lýsið, sem þannig er unnið með aðferð a og b þarf síðan verkunar með, áður en það verður útflutningsvara.

Síðan er nákvæm lýsing á verkun meðalalýsisins, sem miðar að því að gera lýsið að verðmeiri vöru.

Svo sem að framan er greint komust samningar á fyrir milligöngu sáttasemjara, og er það upp komið í málinu, að samningsaðiljar hafi ekki rætzt við um einstök atriði samningsins, heldur hafi sáttamenn gengið á milli þeirra. En þar sem þeir urðu ekki leiddir sem vitni um það, sem á sáttafundum gerðist, svo sem greint hefur verið, verður ekki við úrlausn þessa málsatriðis stuðzt við atvik við samningsgerðina.

Hið umdeilda ákvæði kjarasamningsins, að „lýsisbræðslu“ skuli greiða með hærra kaupi, kr. 2.90 á klst., en almenna dagvinnu, er nýmæli í samningum aðilja máls þessa og undantekningarákvæði frá þeirri reglu samningsins, að lágmarkskaup í

almennri dagvinnu skuli vera kr. 2.45 á klst. Þykir því ákvæðið ekki verða skýrt rýmra en sjálft orðið gefur tilefni til.

Orðið „lýsisbræðsla" verður samkvæmt málvenju ekki talið eiga við nema sjálfa bræðslu lifrarinnar og bræðslu grútsins, sbr. framangreinda lýsingu. Þá ber einnig á það að líta, að orðið „lýsisbræðsla" felur í sér ótvíræða takmörkun á orðinu „lýsisvinna", sem er miklu víðtækara og notað var í samningsuppkasti stefnanda.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, verður þannig ekki talið sannað, að stefndi hafi við samningsgerðina þurft að gera ráð fyrir, að orðið „lýsisbræðsla" í samningnum ætti að merkja alla vinnu á lýsisvinnslustöðvum, heldur hafi hann mátt gera ráð fyrir, að í því fælist aðeins framangreind starfsemi, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Af skjölum málsins tel ég, að stefnandi, verkamannafélagið Dagsbrún, hafi samþykkt orðin „lýsisbræðsla" með þeim skilningi, að með því væru allir verkamenn á lýsisvinnslustöðvunum á hærra kaupi samkvæmt 5. gr. kaups og kjarasamnings, dags. 22. febr. 1944.

Eftir því sem fyrir liggur í málinu átti stefnda, Vinnuveitendafélagi Íslands, að vera ljós þessi skilningur stefnanda, er það undirritaði samningana. Ber því að fallast á kröfur stefnanda, verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í máli þessu.